

Jarðhitanýting í Eldvörpum, Grindavíkurbær

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 19. desember 2025 barst Skipulagsstofnun matsáætlun HS Orku vegna jarðhitanýtingar í Eldvörpum samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 3.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grindavíkurbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 10. janúar 2026 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 9. janúar til 6. febrúar 2026.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Jarðhitanýting í Eldvörpum, Grindavík. Matsáætlun. HS Orka – VSÓ Rágjöf. Matsáætlun – Umhverfismat framkvæmda, desember 2025.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Grindavíkurbæ þann 5. febrúar 2026,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja þann 3. febrúar 2026,
- Landsneti þann 3. febrúar 2026,
- Minjastofnun Íslands þann 24. febrúar 2026,
- Náttúrufræðistofnun þann 5. febrúar 2026,
- Náttúruverndarstofnun þann 6. febrúar 2026,
- Umhverfis- og Orkustofnun þann 11. febrúar 2026,
- Veðurstofu Íslands þann 30. janúar 2026,
- Vegagerðinni þann 6. febrúar 2026.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 27. febrúar 2026.

2.2 Flutningur verkefna Skipulagsstofnunar

Á meðan málsmeðferð stóð yfir fluttust verkefni Skipulagsstofnunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem á sama tíma fékk heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Álit þetta er því gefið út af Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun (HMS) en móttaka og samráð um umhverfismatskýrslu var í höndum Skipulagsstofnunar.


3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform um jarðhitanýtingu á Eldvarpasvæðinu og tengingu við Svartsengi auk niðurdælingarholu á nýju svæði og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið

hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar um rannsóknarboranir í Eldvörpum frá 2014 þar sem gerð var grein fyrir og lagt mat á áhrif fjögurra borplana, ásamt stækkun á einu borplani.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér jarðhitanýtingu í Eldvörpum með tengingu við Svartsengisvirkjun og miðar að því að auka raforku- og heitavatnsframleiðslu. Borplön eru til staðar fyrir vinnsluholur; tvö borplön við Eldvörp og eitt borplan við Skipstígshraun þar sem er núverandi niðurdælingarsvæði. Umhverfismatið miðar við að núverandi borplön verði nýtt og boraðar verði fleiri stefnuboraðar holur frá sama borplani í stað þess að útbúa ný plön. Það kallar á að mögulega þarf að stækka núverandi borplön eftir því hvað er gert ráð fyrir mörgum holum á hverju plani. Þegar eru rannsóknarholur / niðurdælingarholur á borplönunum sem hægt er að virkja. Um er að ræða holurnar EV-02, SV-17 og SV-24. Hóla EV-03 hefur verið boruð niður á 200-300m dýpi og þarf að ljúka borun hennar svo hægt sé að virkja hana (Mynd 1). Jafnframt verða boraðar ein til tvær nýjar niðurdælingarholur á 7.500 m² borplani á nýju svæði sunnar. Lagðar verða safnæðar frá nýjum borholum að skiljustöð við Svartsengi, að mestu meðfram núverandi vegslóðum til að lágmarka rask. Efnisþörf fyrirhugaðra framkvæmda er áætluð 4.000 - 6.000 m³ og gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði komin í rekstur um mitt ár 2029.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar HS Orku.



Mynd 1. Staðsetning helstu framkvæmdaþátta vegna jarðhitanýtingar í Eldvörpum (úr matsáætlun).

4 Álit Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit HMS fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit HMS er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun HS Orku kemur fram að við undirbúning jarðhitanýtingar í Eldvörpum hafi verið skoðaðir kostir um ákjósanlegasta staðarval að teknu tilliti til tækni, gæða, kostnaðar, umhverfis og samfélags. Niðurstaða þeirrar vinnu hafi verið sú að Svartsengi hafi fengið hæstu heildareinkunn meðal staðarvalkosta, meðal annars vegna góðrar samnýtingar við núverandi orkuver þar, lágs stofn- og rekstrarkostnaðar og lítilla umhverfisáhrifa. Í umhverfismati verður lagt mat á áhrif jarðhitanýtingar í Eldvörpum með tengingu við Svartsengisvirkjun. Aðrir staðarvalkostir eru ekki taldir ákjósanlegir eða líklegir til að fela í sér umhverfislegan ávinning og verða því ekki til frekari umfjöllunar í umhverfismati.

HMS minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. HMS telur að í umhverfismatskýrslu þurfi að vera umfjöllun um þá staðarvalkosti sem skoðaðir hafi verið og ítarlegur rökstuðningur fyrir endanlegur vali.

Náttúruvá

Í matsáætlun kemur fram að fyrir liggi langtímahættumat fyrir Reykjanesskaga vestan Kleifarvatns vegna hrauna, gasmengunar- og gjóskuvár. Eldvörp eru áherslusvæði í hættumati og það sama á við um Svartsengisvirkjun. Uppfært langtímahættumat hefur ekki verið gefið út, en samkvæmt skammtímahættumati frá 9. desember 2025 er enn kvikusöfnun í gangi undir Svartsengi. Í umhverfismatskýrslu verður nánar gerð grein fyrir náttúruvá á svæðinu.

Í umsöfn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að ljóst sé að Bláa Lónið, virkjanir í Svartsengi og Reykjanesi og vatnstökusvæði í Lágum séu útsett fyrir hraunrennsli. Í umhverfismatskýrslu væri æskilegt að fjalla um mat framkvæmdaraðila á hvort þörf sé á varnargörðum eða öðrum mannvirkjum eða mótvægisáðgerðum til að verja nýtingarsvæði í Eldvörpum í ljósi hættu á hraunrennsli og öðrum jarðhræringum. Þá ætti að fjalla um möguleg áhrif náttúruvá á jarðhitageymi og hvort taldar séu líkur á að ekki verði hægt að nýta svæðið í kjölfar slíkra atburða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í samræmi við tillögu að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2024-2040 verði unnið áhættumat fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir, í tengslum við umhverfismatskýrslu, þar sem framkvæmdirnar er á náttúruvársvæði. Áhættumatið mun byggja á nýjustu upplýsingum og verður haft samband við Veðurstofu Íslands við gerð áhættumatsins. HS Orka gerir sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja nýtingu háhitasvæða, einkum í ljósi þeirra jarðhræringa og eldsumbrota sem orðið hafa á Reykjanesskaga og í nágrenni Svartsengis á undanförunum árum. Við undirbúning fyrirhugaðra framkvæmda á Eldvarpasvæðinu byggir HS Orka á samstarfi við Veðurstofu Íslands, viðbragðsaðila og fagaðila sem hafa reynslu af sambærilegum aðstæðum. Í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir þörfum fyrir mótvægisáðgerðir sökum náttúruvá, sem og mögulegum áhrifum á jarðhitageymi og nýtingu svæðisins.

Í ljósi þeirra eldsumbrota sem hafa staðið yfir með hléum í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði leggur HMS áherslu á ítarlega umfjöllun í umhverfismatskýrslu um mögulega náttúruvá sem kann að steðja að fyrirhuguðum framkvæmdum og mögulegar áðgerðir til mótvægis sem kann að þurfa að grípa til.

Jarðmyndanir, vistgerðir og verndarsvæði

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir feli í sér rask vegna nýrra borplana eða stækkunar á borplönunum, vegtengingar við ný borplön og lagningu safnæða að Svartsengisvirkjun.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist af eldhraunum sem runnið hafa á sögulegum tíma og seint á nútíma og njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Þá einkennist framkvæmdasvæðið í heild af nánast samfelldri mosapembu og eru vistgerðirnar mosahraunavist og fléttuhraunavist ríkjandi. Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmda á lífríki og jarðmyndanir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þrátt fyrir að svæðinu hafi verið raskað þá sé verndargildi þess enn hátt og tekur stofnunin undir með Náttúrufræðistofnun sem metur að gígaröð Eldvarpa og Eldvarpahraun hafi langhæst verndargildi meðal jarðminja á svæðinu, enda er röðin að mestu ósnortin, sem er sjaldgæft á Reykjanesskaga. Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og mótvægisáðgerðir eftir því sem við á forsendur þess að umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði ekki umtalsverð.

Náttúrufræðistofnun bendir á að borplanið með borholu EV-02 er á hellasvæði og naðurtunga hefur fundist í námunda við það, en hún er á valista og er friðuð. Æskilegt að framkvæmdaraðili setji fram aðgerðaráætlun til koma í veg fyrir rask á hellum og válistaplöntum.

Í svörum HS Orku kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir verndargildi lífríkis og jarðminja á svæðinu og umfangi á nýju raski vegna framkvæmda og gerð grein fyrir frágangi raskaðra svæða ásamt mótvægisáðgerðum þar sem þær eiga við. Haft verður samband við Náttúrufræðistofnun varðandi nánari upplýsingar um staðsetningu á naðurtungu og hellum. Gerð verður grein fyrir staðsetningu, mögulegum áhrifum, ásamt mótvægisáðgerðum í umhverfismatsskýrslu.

Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár, en það er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í matsáætlun eru settar fram margar matsspurningar varðandi ofangreinda umhverfisþætti og leggur HMS áherslu á að í umhverfismatsskýrslu komi fram skýr svör við þessum spurningum.

Hljóðvist, útivist og ferðapjónusta

Í matsáætlun kemur fram að ónæði fyrir útivistarfólk geti orðið á framkvæmdatíma, einkum vegna borunar vinnslu- og niðurdælingarhola og afkastamælinga á vinnsluholum. Framkvæmdasvæðið er almennt fremur flatt og getur hljóð borist langar leiðir með vindi og þegar kyrrt er. Eldvörp eru á milli tveggja vinsælla ferðamannastaða, Reykjanesvita og Bláa Lónsins og Reykjanesið í heild sinni er vinsælt ferðamanna- og útivistarsvæði. Um framkvæmdasvæðið sjálf liggja gönguleiðir, Árnastígur og Skipastígur sem eru fornar þjóðleiðir, og Reykjavegur sem var skipulagður sem gönguleið seint á 20. öld. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Reykjanesarðvangs þar sem skilgreindir eru áhugaverðir jarðminjastaðir (e. geosites) vegna jarðsögu, náttúrufræðis eða menningarsögu og gegna lykilhlutverki í því að segja sögu svæðisins. Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér aukið rask og mannvirki sem kann að hafa áhrif á upplifun og aðgengi þeirra sem fara um svæðið.

Náttúruverndarstofnun bendir á nauðsyn þess að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á hljóðvist svæðisins verði metin, bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma. Kyrrðarupplifun gesta á svæðinu er mikilvægur liður í verndargildi svæðisins.

Í svörum HS Orku er tekið undir mikilvægi svæðisins m.t.t. verndargildis og útivistarmöguleika. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þessi atriði sem og tengda umhverfisþætti þ.á m. ásýnd, landslag, hljóðvist og loftgæði.

Fyrir liggur að fyrirhugaðar borholur eru á svæði sem er vinsælt til útivistar innan svæðis sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi Grindavíkur 2018 – 2032. HMS gerir ekki athugasemdir við þær ítarlegu matsspurningar sem settar eru fram í matsáætluninni en leggur áherslu á að svör við þeim

skili sér inn í umhverfismatsskýrslu. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á áhrif hávaða vegna borunar og blásturs borhola á útivistarfólk sem leið eiga um hverfisverndarsvæðið og telur tilefni til að HS Orka skoði að halda framkvæmdum við borun og blástursprófanir í lágmarki á þeim tíma sem gera má ráð fyrir flestum ferðamönnum.

Vatn og vatnshlot - Jarðhitageymir

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki innan vatnverndarsvæðis. Í umhverfismati verða unnin drög að áhrifamati á vatnshlot samanber lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og mun matið byggja á leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Á athugunarsvæðinu er grunnvatnshlotið Reykjanes (104-263-G). Mögulegir áhrifaþættir framkvæmdar á gæðaðætti vatnshlotsins er borun á framkvæmdatíma og niðurdæling á rekstrartíma en holur verða fóðraðar niður fyrir ferskvatnslínu. Gæðaðættir sem verða til skoðunar í drögum að áhrifamati eru: Efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota: Metið út frá leiðni og styrk ýmissa mengunarvalda sem skilgreind eru í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Magnstaða grunnvatnshlota: Metin út frá breytingum á hæð grunnvatnsborðs. Magnstaða lýsir því hversu mikil áhrif vatnstaka hefur, bein eða óbein, á grunnvatnshlot yfir tíma.

Í matsáætlun kemur fram að jarðhitanyting í Eldvörpum feli í sér aukna vinnslu vökva úr jarðhitageyminum. Núverandi vinnsla er frá Svartsengishluta jarðhitakerfisins og miðast við 85 MWe rafafli en fyrirhugaðri framkvæmd er ætlað að auka vinnslugetu í 110 MWe. Til að hámarka líftíma virkjunarinnar og þeirrar auðlindar sem hún er byggð á er mikilvægt að viðhalda jafnvægi í jarðhitakerfinu. Með jafnvægi er átt við þegar upptekt jarðhitavökva annars vegar og samanlagt vökvastreymi niðurdælingar og náttúrulegs innstreymis hins vegar skapa hámarksframleiðslu um leið og ákjósanlegt jafnvægi helst, í jarðgeyminum til lengri tíma. Ef samanlagt aðstreymi náttúrulegs innflæðis og niðurdælingar er of lítið verður hraði niðurdráttarins of mikill, þrýstingur lækkar hratt og ekki verður nægjanlegur vökvi í kerfinu til þess að nema varmann úr berginu og flytja hann til yfirborðs. Að sama skapi getur of mikil niðurdæling minnkað suðu í kerfinu og þá framleiðslu þeirrar gufu sem fer í að knýja áfram hverfla virkjunarinnar. Eins getur niðurdælingarvökvi borist að vinnsluholunum og kælt þær með tilsvarendi minnkun framleiðslu. Sem stendur er starfræktur síriti á þrýstingi og hitastigi á 850 m dýpi í holu SV-12 í Svartsengi. Hann gefur góða mynd af þrýstijafnvægi kerfisins, og til viðbótar því eru reglulega framkvæmdar mælingar á hita og þrýstingi niður eftir holunum, sem geta meðal annars sagt til um hvort kaldur niðurdælingarvökvi sé að berast að vinnsluholunum. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir umfangi áhrifa á jarðhitakerfið/geyminn.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er bent á að jarðhitanyting vegna raforkuframleiðslu getur verið umfangsmikil og ágeng og því mikilvægt að framkvæma ítarlegt áhrifamat á vatnshlot. Þá er ætlunin að gera grein fyrir umfangi áhrifa á jarðhitageyminn. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að æskilegt væri að slíkt mat byggði á líkangerð af jarðhitakerfinu og spá um niðurdrátt miðað við mismunandi nýtingarmagn. Þá bendir stofnunin á að slíkt mat er náskyld mat á magnstöðu grunnvatnshlots og væri því æskilegt að samþætta kafla 8.2 og 8.3 úr matsáætlun í umhverfismatsskýrslu. Einnig bendir Umhverfis- og orkustofnun á að mikilvægt sé að gera grein fyrir áhrifum vegna affallsvatns og öflunar kælivatns. Þá kemur fram í matsáætlun að ætlunin sé að fullnýta vélarafl í Svartsengi. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að æskilegt væri að gera grein fyrir vélarkosti virkjunarinnar í umhverfismatsskýrslu, hvert er ástimplað afl vélanna og hversu mikið er áætlað að framleiða með hverri vél.

Í svörum HS Orku kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um áhrif á vatnshlot og umfjöllun taka mið af fyrrnefndum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Jarðhitageymirinn er mikilvægur umhverfisþáttur í mati á umhverfisáhrifum þar sem um er að ræða þá auðlind sem verið er að nýta og er sú umfjöllun því höfð sér. Umfjöllun mun byggja á líkangerð af jarðhitakerfinu og

spá um niðurdrátt. Í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir vatntöku og affallsvatni og lagt mat á áhrif þess á vatnshlot.

HMS leggur ríka áherslu á ítarlega umfjöllun í umhverfismatskýrslu áhrif á vatnshlot og áhrif á jarðhitageyminn. Stofnunin tekur undir umsögn Umhverfis- og orkustofnunar um að þar sem jarðhitánýting vegna raforkuframleiðslu getur verið umfangsmikil og ágeng sé mikilvægt að framkvæma ítarlegt áhrifamat á vatnshlot. Þá er ekki síður mikilvægt að leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar nýtingar á jarðhitann sem náttúruauðlind þar sem ljóst er að hætt getur verið að vinnslan verði ágeng þannig að jafnvægi á milli hennar og endurnýjunar riðlist. Með öðrum orðum hvort að um verði að ræða sjálfbæra nýtingu, hvort vinnslan sé afturkræf og hver áhrif nýtingarinnar kunna að verða á endurnýjanleika jarðhitaauðlindarinnar. HMS tekur undir með Umhverfis- og orkustofnun að slíkt mat þurfi að byggja á líkangerð af jarðhitakerfinu og spá um niðurdrátt miðað við mismunandi nýtingarmagn. Þá telur HMS að þar sem ætlunin sé að fullnýta vélarafl í Svartsengi þurfi að gera grein fyrir vélarkosti virkjunarinnar í umhverfismatskýrslu, hvert er ástimplað afl vélanna og hversu mikið er áætlað að framleiða með hverri vél.

Fornleifar

Í matsáætlun kemur fram að fyrir liggja fornleifaskráningar á framkvæmdasvæðinu sem unnar hafi verið árin 2012 og 2013. Í umhverfismatskýrslu verður nánar gerð grein fyrir fornleifum á svæðinu og hvort líkur séu á raski vegna framkvæmda.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að mikilvægt sé í umhverfismatskýrslu að staðsetja allar minjar í góðum skala. Þótt fyrirhugaðar framkvæmdir valdi e.t.v. litlu beinu raski á fornleifum, þá geta áhrifin á upplifunargildi minjanna og skert aðgengi fólks að þeim verið þeim mun meira. Hinar fornu götur eru vinsælar gönguleiðir um Reykjanesið og mikilvægt að halda þeim greiðfærum. Ef nauðsynlegt reynist að þvera þær með pípulögnum ofanjarðar, eins og stefnir í bæði varðandi Árnastíg og Skipsstíg, þarf að gera grein fyrir því í matskýrslu hvernig ætlunin er að tryggja áframhaldandi umferð fólks um þessar fornu þjóðleiðir. Skráðar minjar eru í næsta nágrenni borhola og þarf að tryggja að þær verði ekki fyrir raski á framkvæmdatíma. Nýtt niðurdælingarsvæði er áformað suðaustan Sundvörðuhrauns og með þessu nýja borplani er búið að teygja framkvæmdasvæðið um 1,5-2 km sunnar en það er nú og sett niður á lítt raskað svæði.

Í svörum HS Orku kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir fyrirbyggjandi fornleifaskráningum og þeim forleifum sem Minjastofnun nefnir í umsögn sinni. Í umhverfismatskýrslu verður kort sem sýnir afstöðu forleifa með tilliti til raskssvæða. Gerð verður grein fyrir því hvort lagnir raski aðgengi um þjóðleiðir og hvaða mótvægisáðgerðir verða viðhafðar til að draga úr þeim áhrifum. Líkt og fram kemur í matsáætlun verða niðurstöður mats á áhrifum á fornleifar nýttar inn í umfjöllun um áhrif á landslag og ásynnd, hvað varðar gildi landslags.

HMS gerir ekki athugasemd við áformaða umfjöllun framkvæmdaraðila um fornleifar í umhverfismatskýrslu.

Reykjavík, 18. mars 2026,

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

